

Áratugur ríkisskuldabréfanna

VALDIMAR ÁRMANN

Íslenskur ríkisskuldabréfamarkaður stendur á tímamótum enda eini raunverulegi fjárfestingarkosturinn í boði eftir efnahagshrunið. Verðmæti skuldabréfamarkaðarins samkvæmt skuldabréfavísitölu GAMMA hefur nærri tífaldast frá árinu 2000 og ávöxtun verið um 12,5% að meðaltali á hverju ári.

Markaður á tímamótum

Íslenskur ríkisskuldabréfamarkaðurinn hefur tekið töluverðum breytingum undanfarið ár og einkum og sér í lagi þegar íbúðalánasjóður skipti út gömlu húsbrefunum og húsnæðisbrefunum fyrir íbúðabréf (HFF) árið 2004 og ríkissjóður hóf að gefa út óverðtryggt vaxtagreiðslubréf (RIKB) árið 2006. Grundvöllur var þar með myndaður fyrir mjög áhugaverðan og samkeppnishæfan markað. Síðastliðin tvö ár hefur markaðurinn notið góðs af gjaldyrishöftum þar sem íslensk ríkisskuldabréf eru nánast eini fjárfestingarkosturinn til staðar.

Ört vaxandi markaður

GAM Management, GAMMA, reiknar skuldabréfavísitölur fyrir ríkisbréf og íbúðabréf. Útstandandi markaðsverðmæti skuldabréfa í skuldabréfavísitölu GAMMA náði 1 billjón króna (þúsund milljarðar) í júlí 2009 og stendur nú í 1,3 bn. Vöxturinn hefur verið hraður og var markaðsverðmætið 500 ma árið 2005 en aðeins 150 ma árið 2000. Það ber að nota þetta tækifæri sem aukinn áhugi gefur tilefni til og betrubæta markaðinn með öflugri upplýsingagjöf og jafnvel nýjum útgáfum. Það mætti gera góðan markað enn betri og nokkrar hugmyndir í þá átt væru t.a.m:


- » Íbúðalánasjóður gæfi út bæði verðtryggt og óverðtryggt í kjölfarið á því að einstaklingum yrði boðið upp á óverðtryggt húsnæðislán samhliða verðtryggtum.
- » Ríkissjóður gæfi út meira af verðtryggtum ríkisbrefum sem langtímafjármögnun.
- » Auka þarf gagnsæi útboda með enn skilvirkari útgáfuáætlun, dagsetningum og upphæðum.

GAMMA telur að sitt framlag með skuldabréfavísitölum GAMMA sé liður í því að auka skilning aðila á markaðnum og ætti því að auka aðgengi allra fjárfesta að íslenska ríkisskuldabréfamarkaðnum. Nauðsynlegt er fyrir fjárfesta að vita ávöxtun heildarmarkaðar og þekkja slíkar vísitölur fyrir hlutabréfamarkaðinn, sbr. OMX15 (áður ICEX 15). Mörgum þykir samband ávöxtunarkröfu og verðs flókið og erfið að bera saman fjárfestingar í skuldabréfum við aðrar ávöxtunarleidir s.s. innlán, hlutabréf og hrávörur. Einnig hefur verið illmögulegt að meta frammistöðu skuldabréfasjóða og hvort þóknun sjóðs sé réttlætunleg að teknu tilliti til umframávöxtunar yfir markaðsávöxtun, þ.e. hvort virk stýring sjóðsstjóra sé að skila árangri.


Góð ávöxtun

Á meðfylgjandi línuriti má sjá að síðastliðin 10 ár hefur ríkisskuldabréfamarkaðurinn einungis einu sinni sýnt neikvæða ársávöxtun og var það árið 2000. Þrátt fyrir að verð þeirra hafi farið lækkandi samhliða hraðri hækkun hlutabréfamarkaðar árið 2005 til loka árs 2006 þá skiluðu háir vextir og verðbólga hins vegar sínu að lokum til þolinmóðra eigenda sem bætti upp fyrir lækkandi verð. Árið 2008 jókst eftirspurn eftir tryggum eignum og hækkaði verð ríkisskuldabréfa verulega sem skilaði metávöxtun það árið eða um 34,5% og 17,1% ávöxtun í kjölfarið árið 2009. Á þessu ári hefur ávöxtun skuldabréfanna haldið áfram að vera góð eða um 18,0% frá áramótum. Á þessum 10 árum hefur meðalávöxtun því verið um 12,5%. Það má því með sanni segja að ríkisskuldabréf hafi sannað sig sem ekki einungis örugg fjárfesting heldur einnig arðsöm kreppuvörn.

Markaðsverðmæti skuldabréfa



Skuldabréfavísitölur GAMMA



Eftir Valdimar Ármann,
hagfræðing og fjármálaverkfræðing.

Valdimar starfar hjá GAM Management hf. sem rekur m.a. verðbréfasjóðina GAMMA: GOV og GAMMA: INDEX. Hann starfaði áður hjá ABN AMRO í London við verðbólguþingdar afurðir frá 2003-2006 og síðan í New York frá 2006-2008 hjá sama banka og síðast RBS. Starf hans var fólgið í þróun og hönnun verðbólguþingdar afurða ásamt miðlun, verðlagningu og áhættuvörnum á verðbólguþingdum afleiðum. Fyrst starfaði Valdimar hjá Búnaðarbankanum í afleiðum og gjaldyrivíðskiptum.